

REGLUGERÐ**107**

2. nóv.

um

breyting á reglugerð nr. 57, 11. júlí 1923, um bann við dragnótaveiði í landhelgi við sunnanverðan Faxaflóa.

1. gr.

Í landhelgi fyrir framan strandlengju Gerðahrepps á svæðinu frá línu, er liggur um hreppamörk Gerðahrepps og Keflavíkurhrepps að línu, er liggur þannig að Varaósvitaljósinn beri saman, skal leyft að nota dragnætur til fiskiveiða á tímabilinu frá 2. til 30. nóvember þ. á.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. nóvember 1931.

Tryggvi Þórhallsson.

Vígfús Einarsson.

REGLUGERÐ**108**

6. nóv.

um

sölu og veitingar vína þeirra, er ræðir um í lögum nr. 3. frá 1923.

Samkvæmt 45. gr. í lögum nr. 64 frá 1930, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði um varnir gegn misbrúkum við sölu og veitingu vína þeirra, er ræðir um í lögum nr. 3 frá 1923, og um hæfilegan skipsforða af vinum þessum.

1. gr.

Áfengisverzlun ríkisins hefir aðsetur sitt í Reykjavík og útibú í Reykjavík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum, Seyðisfirði, Akureyri, Siglufirði og Ísafirði.

2. gr.

Áfengisverzlun ríkisins má ein flytja vinnu inn.